

8. Fréttumfjöllun um mannréttindi

Engar fréttir eru góðar fréttir – eða hvað?



Málafni	Almenn mannréttindi, fjölmiðlar og netið
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	10–13 ára
Tími	45 mínútur
Hópsstærð	10–30 börn
Tegund verkefnis	Fjölmiðlar skoðaðir, veggspjald búið til, umræður
Yfirlit	Börnin leita í dagblöðum að umfjöllunum um mannréttindi sem fólk nýtur eða verndar, og um mannréttindabrot
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka skilning á mannréttindum í fjölmiðlum og daglegu lífi • Að kanna hvernig fjölmiðlar fjalla um mannréttindamál
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Safnaðu alls konar dagblöðum • Búðu til veggspjald fyrir hvern hóp
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Síður úr dagblöðum • Flettistöfluarkir • Límband, lím og skæri • Merkipennar • Ljósrit af styttri útgáfu Mannréttindayfirlýsingarinnar

Leiðbeiningar

- Útskýrðu fyrir börnunum að þetta verkefni snúist um það hvernig fjölmiðlar fjalla um mannréttindi. Minntu þau á fyrri verkefni og umræður um mannréttindi og farðu aftur yfir Mannréttindayfirlýsinguna með þeim.
- Skiptu börnunum í litla hópa. Láttu hvern hóp fá dagblað eða nokkrar síður úr dagblaði, skæri, límband eða lím, merkipenna og örk af flettistöflu eins og sjá má í dæminu hér fyrir neðan.
- Útskýrðu verkefnið fyrir þeim. Nefndu nokkur dæmi um hvernig aðrar blaðgreinar en fréttatengt efni geta einnig snúist um mannréttindi.
 - Hver hópur á að útbúa veggspjald með frásögnum úr dagblaðinu. Segðu þeim að leita að frásögnum af þrennu tagi:
 - þar sem réttinda er notið;
 - þar sem neitað er um réttindi eða brotið er á réttindum;
 - þar sem réttindi eru vernduð.
 - Segðu þeim að leita ekki bara í fréttumfjöllunum heldur einnig í íþróttapistlum, tilkynningum og auglýsingum.
 - Þegar þau finna grein þar sem mannréttindi koma við sögu eiga þau að klippa hana út og setja hana í viðkomandi flokk á veggspjaldinu.
 - Þegar þau eru búin að finna frásagnir úr hverjum flokki skaltu biðja þau að velja eina þeirra til nánari úrvinnslu og svara eftirfarandi spurningum:
- Hvaða tilteknu réttindi var um að ræða í þessari frásögn? Skráið þau við hliðina á greininni.
 - Finnið hvaða grein eða greinar kveða á um þessi réttindi í Mannréttindayfirlýsingunni og skrifið númer þeirra á listann.

Heimild: Stuðst við *Human Rights Here and Now* (University of Minnesota Human Rights Resource Center, 1998) www.umn.edu/humanrts/edumat/hreduseries/hereandnow/Part-3/Activity6.htm



Segðu börnunum að skrifa svörin neðst á veggspjaldið og teikna ör sem bendir á frásögnina sem þau fjölluðu sérstaklega um.

5. Fáðu eitt barn úr hverjum hópi til að kynna veggspjaldið.

Samantekt og mat

1. Veldu eina eða tvær frásagnir af hverju veggspjaldi og fáðu viðkomandi hóp til að gera grein fyrir umfjöllun sinni með tilliti til Mannréttindayfirlýsingarinnar:
 - a. Var erfitt að tengja frásagnir eða umfjallanir við mannréttindi?
 - b. Snertu margar frásagnirnar mannréttindi?
 - c. Hvaða greinar Mannréttindayfirlýsingarinnar komu við sögu?
 - d. Hvaða réttindi skipta ykkur mestu máli, sem ungar manneskjur?
2. Ræddu um verkefnið og notaðu spurningar á borð við:
 - a. Í hvaða flokki var auðveldast að finna frásagnir? Erfiðast? Hvers vegna?
 - b. Komu einhverjar greinar Mannréttindamannlýsingarinnar oft upp en aðrar? Komu sumar aldrei upp? Hvaða skýringar hafið þið á því?
 - c. Í hve mörgum umfjöllunum var beinlínis minnst á mannréttindi? Í hve mörgum var fjallað um mannréttindamál án þess að nefna þau á nafn? Hvers vegna haldið þið að ekki hafi verið minnst á mannréttindi?
 - d. Var minnst sérstaklega á réttindi barna?
 - e. Hver virðist staðan vera í mannréttindamálum í heiminum í dag ef gengið er út frá þessum fréttuumfjöllunum? Í Evrópu? Hér á landi?
 - f. Hvað er gert til að vernda mannréttindi í þessum frásögnum? Hverjir standa fyrir því?

Tillögur um framhald

Í verkefnunum „Mannréttindi sett á kortið“, bls. 137, og „Fréttamaður hjá Litla-kompás“, bls. 83, eru börnin beðin að skoða eigið samfélag út frá mannréttindasjónarmiði. Í hinu síðarnefnda eiga börnin einnig að greina frá því sem fyrir augu þeirra ber.

Hugmyndir um aðgerðir

- Láttu veggspjöldin hanga uppi og segðu börnunum að koma með fleiri blaðaúrklippur. Farið síðan aftur yfir veggspjöldin þegar ýmsum nýjum atriðum hefur verið bætt við.
- Veldu eitt tiltekið réttindamál sem varðar hópinn sérstaklega (t.d. eignarréttinn, sem tengja má fátækt; réttinn til menntunar, einkum góðrar menntunar) og skipuleggðu herferð með börnunum til að vekja skilning almennings á málinu, innan þess ramma sem þau vilja (innan sveitarfélagsins, á landsvísi, á heimsvísi).

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Veldu alls konar dagblöð og fréttarit, þar á meðal staðarblöð og auglýsingabæklinga. Þau þurfa ekki að vera ný.
- Bentu börnunum á að skoða fleira en fréttuumfjallanir í blöðunum, t.d. auglýsingar: eignarréttinn; tilkynningar um brúðkaup eða jarðarfari: réttinn til að njóta menningar, ganga í hjónaband, vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og trúar; íþróttir: réttinn til tómsunda; einkamálaauglýsingar og fundarboð: réttinn til félagafrelsis.
- Fylgstu vel með hópunum til að byrja með og gættu þess að allir skilji hvað þeir eiga að gera.



Tilbrigði

Allir hóparnir gera saman þrjú veggspjöld, eitt í hverjum flokki, þar sem þau setja saman greinarnar sem þau fundu til að búa til fyrra veggspjaldið sitt.

Breytingar

- Vegna yngstu barnanna:
 - Aðeins skal fjalla um tvo flokka: réttindi sem notið er og réttindi sem neitað er um.
 - Slepptu skilgreiningunni í 3. lið.
 - Spyrðu einungis spurninga sem beinast að því hvernig börnin upplifa mannréttindi í daglegu lífi sínu.
- Vegna elstu barnanna:
 - Segðu börnunum að bera saman umfjöllun ýmissa dagblaða og/eða fjölmiðla um sömu sögurnar sem varða mannréttindi. Geta þau greint að lögð sé mismunandi áhersla á hlutina í þessum umfjöllunum? Er lögð áhersla á tiltekin atriði? Er sagt á mismunandi hátt frá sama atburðinum? Var minnst á mannréttindi í einhverri útgáfunni?
 - Segðu börnunum að horfa á fréttapátt í sjónvarpinu og skrifa hjá sér um hvaða málefni var fjallað og hve langan tíma fjallað var um hvert mál sem varðaði mannréttindi.

EFNI TIL DREIFINGAR : VEGGSPJALD TIL ÚTFYLLINGAR

RÉTTINDI SEM NOTIÐ ER		RÉTTINDI SEM NEITAÐ ER UM		RÉTTINDI SEM ERU VERNDUÐ	
Greining		Greining		Greining	
Réttindi	Grein úr Mannréttindayfirlýsingunni	Réttindi	Grein úr Mannréttindayfirlýsingunni	Réttindi	Grein úr Mannréttindayfirlýsingunni

